

## Breyting á reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni Blaksambands Íslands

1.13 Öll lið í Deildakeppni BLÍ greiða þátttökugjöld til BLÍ og skal liðum tilkynnt um upphæð gjalds fyrir næsta tímabil eigi síðar en **15 maí 10. júní** ár hvert. Liðin skulu greiða óendurkræft staðfestingargjald sem nemur 30% af þátttökugjaldinu fyrir 15. júní ár hvert. Afgang þátttökugjaldsins skal greiða fyrir 15. ágúst ár hvert.

(Þetta er gert til að lið viti kostnað áður en þau skrá sig í mót)

1.15 Mótanefnd auglýsir á bli.is hvaða félög munu halda mótin (túnningar) og á sama tíma í hvaða íþróttahúsum og bæjum hver deild verður leikinn, skal það gert í síðasta lagi 20 ágúst ár hvert.

(Þessi breyting er til að lið geti séð hvaða bæjum keppt er í upp á að bóka flug og gistingu)

1.16 Mótanefnd setur inn á bli.is alla leiki úrvalsdeildar, 1 deildar og fyrstu túnningar neðri deilda í síðasta lagi 1 september ár hvert, annarar túnningar fyrir 1 október ár hvert og þriðju túnningar 1 janúar ár hvert.

(Þessi breyting er til að lið geti séð hvar og hvenær þau eiga að keppa upp á að bóka flug og gistingu (tímasetningar leikja))

2.4 Keppnistímabil hvers árs hefst alltaf á leikjum í úrvalsdeild og klárar hún fyrstu umferð áður en neðri deildir hefja leik.

2.5 1. deild hefur keppnistímabilið eftir að úrvalsdeild hefur klárað fyrstu umferð og klárar fyrstu umferð áður en neðri deildir hefja leik.

2.6 Ef lið í efri deildum hefur ekki spilað leik í sinni deild áður en lið í neðri deild byrjar, þá má leikmaður sem hefur spilað leik í neðri deild ekki spila fyrsta leik með liði sama félags í efri deild.

(Þessar breytingar eru til að lið geti ekki komið með 7 hrinuhæstu leikmenn úr efri deildum til að spila í neðri deildum eins og hefur verið að gerast)

2.7 Mótshelgar (túnningar) neðri deilda eru alltaf sömu helgar ár eftir ár nema það sé kynnt sérstaklega á síðu BLI.is að eigi að breyta dagsetningum á þeim, skal það gerast í síðasta lagi 1 september árið áður (12 mánaða fyrirvari)

fyrsta túnning er haldin fyrstu helgi í nóvember ár hvert

önnur túnning er haldin þriðju helgi í janúar ár hvert

þriðja túnning er haldin aðra helgi í mars ár hvert

(Þessi breyting er til þess að festa hvaða helgar er spilað yfir veturinn og fólk geti skipulagt sig kringum það)

3.3 Í 1. deild skal miðað við að lið leiki a.m.k. 14 leiki á tímabili. Leikið skal heima og að heiman. Standi fjölda umferða á oddatölu, skal oddatöluumferðin leikin á sama hátt og 1. umferð (hvað varðar heima- og útileiki). Lið 1. deildar falla ekki úr henni nema ef um 8 liða deild sé að ræða. Þá falla tvö neðsta lið 1. deildar í 2. deild óski efsta eða 2 efstu gjaldgengu lið 2. Deildar eftir sæti í 1. deild. 1. deildarlið geta samt óskað eftir tilfærslu í Deildakeppnina. ~~Tvö neðstu lið 1. deildar falla niður í 2. deild og tvö efstu lið 2. deildar koma í þeirra stað. 2 efstu lið í 2 deild geta óskað eftir að spila í 1. Deild en eru ekki skildug að fara upp.~~